

| | | | |
|-----------------------|---------------------------|----------------------|-------------|
| <i>Fundarboðandi:</i> | Starfsmaður f.h. formanns | <i>Fundarstaður:</i> | Fjarfundur |
| <i>Fundarstjóri:</i> | Sigurborg Daðadóttir | <i>Dagsetning:</i> | 01.06.2022 |
| <i>Fundarritari:</i> | Sigurjón Njarðarson | <i>Fundartími:</i> | 13:00-15:00 |

Pátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Sigríður Björnsdóttir (Sérgreinadýralæknir hrossa, Sérfræðimat á dýratilraunum), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ), Hallgerður Hauksdóttir (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands. og Oddný Steina Valsdóttir (f.h. Bændasamtaka Íslands)

Dagskrá

1. Umsóknir um dýratilraunir
2. Blóðtökur úr fylfullum hryssum
3. Önnur mál

Umræða

1. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna.

- a) Codskin-derived polyunsaturated fatty acids in a porcine model of wound healing are they direct precursors to specialized pro-resolving mediators
 - Fagráð mun óska eftir frekari upplýsingum. Máli frestað til næsta fundar.
- b) Ferðir og dreifing nýja landnemans flundru
 - Fagráð veitir jákvæða umsögn.
- c) Óðalsatferli, fæðunám og félagskerfi laxfiska í ám Stöðugleiki og mótun
 - Fagráð veitir jákvæða umsögn.
- d) Sjúkvíar, farhegðun og lúsasmit villtra laxfiska
 - Fagráð veitir jákvæða umsögn.
- e) Vistfræðirannsóknir á íslenskum varpfluglum
 - Fagráð veitir jákvæða umsögn.
- f) Skrásetning ferða villtra sjófugla með rafeindabúnaði og einföld lífsýnataka (fjaðrir, blóð og cloaca strokur)
 - Fagráð veitir jákvæða umsögn.

2. Blóðtökur úr fylfullum hryssum

- Fulltrúar frá Samtökum um dýravelferð óskuðu eftir að fá að koma fyrir fagráð um velferð dýra og komu á framfæri sjónarmiðum sínum er vörðuðu blóðtökur úr fylfullum hryssum og hlutverk hins opinbera hvað varðar eftirlit og leyfisveitingar.

Fyrir hönd nefndra samtaka tóku þau Birta Flókadóttir og Björn M. Sigurjónsson til máls. Nefnd voru þrjú atriði sem samtökin töldu aðalatriði í umræðum um málið.

- Fyrirkomulag blóðtöku væri ekki ásættanlegt. Samtök um dýravelferð fagna því að samkvæmt niðurstöðum starfshóps, skipuðum af Matvælaráðherra, um blóðmerahald væri þess að vænta að starfsemin yrði gerð leyfisskyld.
- Samtök um dýravelferð telja að ekki liggi fyrir nægjanleg vísindaleg gögn um töku blóðs úr fylfullum hryssum. Samtökin leggja enn fremur áherslu á að óháðir aðilar framkvæmi viðeigandi og nauðsynlegar rannsóknir.
- Samtök um dýravelferð biðla til fagráðs um velferð dýra um ráðið beiti sér í málinu.

3. Önnur mál.

- Samdægurs kom út skýrsla starfshóps skipuðum af Matvælaráðherra „Blóðtaka úr fylfullum hryssum - Starfsemi, regluverk og eftirlit“. Umræðu um málið frestað til næsta fundar, til að gefa meðlimum fagráðs tækifæri til að kynna sér efni skýrslunnar.
- Almennar umræður um þau mál sem þarfnast afgreiðslu fagráðs. Ákveðið að fresta útistandandi málum til næsta fundar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00